

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1987. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann er stofnaður af Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund með gjafabréfi dags. 28. desember 1982 í tilefni af 60 ára afmæli þess til minningar um stofnendur þess, Sigurbjörn Á. Gíslason, cand. theol., Flosa Sigurðsson, trésmíðameistara, Harald Sigurðsson, verslunarmann, Júlíus Árnason, kaupmann og Pál Jónsson, verslunarstjóra; ennfremur þá séra Halldór Jónsson, prófast á Hofi, Vopnafirði, séra Lárus Halldórsson, frikirkjuprest, og séra Pál Þórðarson, prest í Njarðvík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100.000. Stofnféð skal ekki skerða, og fyrstu fimm árin skal helmingur vaxta og verðbóta lagður við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheitum, og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar Guðfræðistofnunar. Auk þess má til nefna fyrirlestrahald og námsstefnur, heimboð erlendra gesta og greiðslu ferðapeninga til kennara guðfræðideildar og hvaðeina, sem verða má að gagni fyrir starfsemi stofnunarinnar á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn Guðfræðistofnunar er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur allar ákvarðanir varðandi val verkefna og ráðstöfun tekna.

6. gr.

Háskóli Íslands annast um varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskóla Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.